



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Sundið hefur verið okkur Íslendingum í senn keppnisíþrótt og heilsubót. Þúsundir landsmanna sækja á degi hverjum orku og gleði í sundlaugarnar og þjóðin hefur stolt fylgst með afrekum okkar fólks á alþjóðlegum íþróttamótum.

Nú fögnum við merkur þáttaskilum. Draumurinn um fullkomna keppnislaug innanhúss er orðinn að veruleika og þar með hefur grundvöllur skapast fyrir alþjóðamót í hæsta gæðaflokki.

Við þökkum öllum þeim sem hér hafa lagt hönd á plóg og óskum sundiðkendum, íþróttafólki og almenningi til hamingju með hina nýju laug.

Sundfélagið Ægir hefur um árabil verið forystuafli, rutt nýmælum braut í sundhreyfingu okkar Íslendinga. Því er við hæfi að Ægir efni nú til fyrsta alþjóðamótsins í þessari frábæru laug.

Reykjavík International gefur björt fyrirheit um spennandi keppni og við bjóðum góða gesti frá öðrum löndum velkomna til leiks.

(undirskrift)